

Sigrún Friðfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar:

Konan átti alls ekki heima inni á Kleppi

– vonast eftir sambýlum fyrir geðsjúka í árslok

„Það er verið að taka alvarlega á málum þeirra verst settu meðal geðsjúkra í dag. Í gangi er vinna þar sem verið er, að frumkvæði heilbrigðis- og félagsmálaráðherra, að kalla inn upplýsingar um ástandið í búsetu og umönnunarmálum geðsjúkra. Þá er verið að skoða hvar gallarnir í kerfinu hugsanlega eru. Það eru allir sammála um að betri tengingu þurfi milli félagskerfa, það er félagsþjónustu sveitarstjórna og svæðisstjórna annars vegar og heilbrigðiskerfisins hins vegar. Þessi kerfi þurfi að tengjast og vera í samvinnu gagnvart fólki með langtíma geðsjúkdóma. Reyndar er kominn af stað undirbúningur að framkvæmd varanlegrar búsetu fyrir þetta fólk og við höfum verið að láta okkur dreyma um áþreifanlegan árangur í formi sambýla fyrir árslok,“ sagði Sigrún Friðfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, í samtali við DV.

„Við sjáum fram á sambýli sem hafa fullan starfskraft. Að hafa slíka bústaði kemur í veg fyrir endurinnlagnir og sparar stórfé. Við erum að tala um sambýli með mikla þjónustu og stuðning. Samstarf geðheilbrigðis- og félagskerfisins getur gengið eins og hefur sýnt sig á Akureyri þar sem sambýli er rekið með góðum árangri.“

Sigrún vildi vekja athygli á, vegna skrifna DV um þessi mál í gær, að ekki hefði komið fram hvort átök hefðu átt sér stað á heimili konunnar sem varð manni að bana við Bleikargróf áður en atburðurinn átti sér stað. Væri eins og að möguleikinn á sjálfsvörn kæmi ekki til greina í fréttaskrifum þar sem konan er ósakhæf og svipt sjálfræði. Væri slíkt ekki sanngjarnt.

„Það er ekki greint frá tildrögum þessa voðaatburðar. Þá er ekki hægt

að hengja Kleppspítala sem ábyrgan í máli konunnar. Hún átti alls ekki heima inni á Kleppi þar sem hún hafði verið í ágætu formi upp á síðkastið. Hún hefur verið talin fullfær um að búa úti í bæ milli þess sem hún hefur verið lögð inn. Hins vegar kalla þær aðstæður, sem konan bjó við, á félagsleg vandamál. Við eigum aldrei að bjóða öðrum það sem við getum ekki boðið sjálfum okkur. Það gengur aldrei.“

Sigrún sagði Geðhjálpar vinna stöðugt að málum þess stóra hóps sem ekki virðist eiga heima í kerfinu. Að öllu jöfnu væri þessum málum almennt lítil gaumur gefinn nema ef eitthvað gerðist í líkingu við atburði helgarinnar. Sigrún sagðist eiga von á því að starf það sem nú væri unnið í málum geðsjúkra bæri árangur ef ekki kæmi bakslag í það vegna atburða eins og um helgina og umfjöllunar í kjölfar þeirra.

„Þegar málum sem þessum er slegið upp í fjölmiðlum vill almenningalitið oft snúast á þann veg að loka eigi þetta geðsjúka fólk inni. Punktur og basta. Það er ekki talað svona um fólk sem ekki er geðveikt en banar engu að síður mönnum. Það eru hlutfallslega færri geðsjúkir sem lenda í svona málum en svokallað venjulegt fólk.“

Sigrún vildi taka sérstaklega fram að Andrea Þórðardóttir gæti ekki tjáð sig um mál konunnar, sem banaði manninum í Bleikargróf, sem talsmaður Geðhjálpar þó hún væri félagi í samtökunum. Í DV í gær fullyrta Andrea að Kleppspítali bæri ábyrgðina á því hvernig mál konunnar hefðu þróast. Sigrún undirstrikaði að Geðhjálpar tæki ekki undir skoðanir Andreu varðandi ábyrgð Kleppspítala í máli konunnar.

-hlh